

## 5. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 7. febrúar 2018 kl. 20:00.

**Mætt eru:** Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson og Sverrir Einarsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra og Aðalbjörgu Skúladóttur bókara.

**Forföll boðaði:** Viktor S. Pálsson.



### 1. Bókun frá bæjarráði Árborgar

Lögð var fram bókun frá bæjarráði Árborgar frá 25. janúar 2018 varðandi fjárveitingar til íþróttafélaga og félagasamtaka.

Framkvæmdastjórn telur að með þjónustusamningi við Sveitarfélagið Árborg undirgangist félagið starfsreglur sveitarfélagsins og ítrekar þörf á góðu samstarfi við fagteymi sveitarfélagsins á meðan íþróttahreyfingin á Íslandi vinnur áfram að nýju verklagi er varðar meðferð ofbeldismála innan hreyfingarinnar.

### 2. Úthlutun á styrk vegna starfsmanna deilda

Lagt er til að styrknum verði skipt jafnt á milli þeirra deilda sem eru með ráðningarsamning við starfsmann deildarinnar. Gengið er út frá því að fjórar deildir sem hafa fengið úthlutað undanfarin ár deili styrknum.

Mikilvægt er að skoða hvort einstaka deildir hafi nú þegar hag umfram aðrar af t.d. rekstrarsamningum. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort meta eigi umfang deilda við úthlutun.

### 3. Úthlutun á styrk vegna rekstur meistaraflokka

Framkvæmdastjórn leggur til að styrknum verði deilt á milli deilda í samræmi við kostnað við eftirtalda þætti: mótagjöld, dómgæslu, ferðakostnað, sjúkrakostnað, tryggingar, áhöld og tæki og þjálfun.

Miðað verði við að allar deildir séu með einn meistaraflokk en handknattleikur og knattspyrna tvo.

### 4. Rekstrarsamningur vegna Selfossvallar

Samþykkt að kanna framhald á samstarfi við knattspyrnudeild um rekstur á Selfossvelli. Framkvæmdastjóra falið að kynna samning og verklýsingar fyrir knattspyrnudeild.

### 5. Búningamál

Kynnt vinna við nýjan búningasamning.

### 6. Erindi til félagsins - Partille 2017

Framkvæmdastjórn samþykkir að veita undanþágu frá reglugerð um fjáraflanir í ljósi þess að endurgreiðsla kom til vegna vanefnda þjónustuaðila. Samþykkt

að meta hlut hvers þátttakenda í ferðinni í samræmi við erindi hópsins en veita heimild til að endurgreiða án kvaða til þeirra sem greiddu fargjald í ferðinni.

**7. Bréf til félagsins - Karfa FSu**

Erindið tekið fyrir og framkvæmdastjóra falið að svara því.

**8. Íþrótt- og útivistarklúbburinn 2018**

Rekstraráætlun fyrir sumarið samþykkt.

**9. Héraðsþing HSK**

Umf. Selfoss á 16 fulltrúa á 96. Héraðsþingi HSK sem fram fer í Þorlákshöfn laugardaginn 10. mars 2018. Samþykkt að velja fulltrúa með sama hætti og undanfarin ár í hlutfalli við iðkendur deilda. Aðalstjórn tilnefnir tvo, fimleikar, knattspyrna, handbolti, frjálsar og taekwondo tilnefna tvo og sund, júdó, mótókross og lyftingar tilnefna einn.

**10. Fjárhagsáætlun og ársreikningur**

Lagt fram til kynningar.

**11. Undirbúningur aðalfundar Umf. Selfoss 2018**

Farið yfir stöðu á undirbúningi aðalfundar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tillögum frá deildum varðandi verðlaunahafa og viðurkenningar. Samþykkt heimild til að manna uppstillingarnefnd fyrir aðalfundinn.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:55.**

**Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**